

## Frumvarp til laga

### um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum (söluhagnaður).

Flm.: Haraldur Benediktsson, Óli Björn Kárasón, Brynjar Nielsson,  
Þórunn Egilsdóttir, Lína Anna Sævarsdóttir, Halla Signý Kristjánsdóttir.

1. gr.

Í stað orðsins „sjö“ í 1. másl. 1. mgr. 27. gr. laganna kemur: 20.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2019.

#### Greinargerð.

Breytingin sem lögð er til með frumvarpi þessu miðar að því að auðvelda kynslóðaskipti í íslensku atvinnulífi. Nái frumvarpið fram að ganga verður heimilt að dreifa skattskyldum söluhagnaði þar sem hluti söluandvirðis er greiddur með skuldaviðurkenningu á allt að 20 ár, eftir afborgunartíma skuldaviðurkenninga. Samkvæmt ákvæði 1. mgr. 27. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, er nú heimilt að dreifa söluhagnaði á allt að sjö ár við þessar aðstæður.

Kynslóðaskipti á fyrirtækjum og bújörðum í rekstri reynast tíðum erfið og margs þarf að gæta við yfirfærslu verðmætanna, til að mynda réttinda annarra erfingja en þeirra sem við þeim taka. Algengt er að stofnandi fjölskyldufyrirtækis vilji selja einhverjum í fjölskyldunni fyrirtæki sitt eftir langan rekstur. Oftar en ekki er viðkomandi reiðubúinn til að aðstoða við fjármögnun kaupanna, t.d. með því að taka við greiðslu, að hluta eða öllu leyti, í formi skuldaviðurkenningar. Slík fjármögnun er oft forsenda þess að sá er tekur við rekstrinum hafi til þess bolmagn. Um leið eru réttindi annarra erfingja tryggð enda viðkomandi eign seld á sanngjörnu markaðsverði en ekki undirverði líkt og oft vill verða til að tryggja kynslóðaskiptin. Erfingjar standa því betur að vígi og einnig ríkissjóður. Með útgáfu skuldaviðurkenningar frá kaupanda eignast seljandi í raun ígildi eftirlaunasjóðs sem tryggir honum tekjur. Andist viðkomandi áður en greiðslum lýkur er eftirstöðvum skuldabréfsins skipt upp á milli erfingja í samræmi við lög og erfðaskrá ef við á.

Líkt og við á um hefðbundinn atvinnurekstur hefur sala á bújörðum milli kynslóða oft reynst erfið. Þegar kemur að sölu við ábúendaskipti er stofnverð (matsverð) búreksturs gjarnan orðið langt undir markaðsverði og þá myndast mikill skattalegur söluhagnaður. Af honum þarf að greiða tekjuskatt sem getur reynst seljanda erfitt ef hluti greiðslu er í formi skuldaviðurkenningar. Í sumum tilvikum getur þetta þýtt að nauðsynleg kynslóðaskipti geti ekki átt sér stað eða að kaupandi þurfi að taka þátt í að greiða skattinn til að viðskiptin geti gengið eftir. Þetta er hamlandi á nauðsynlega þróun í sveitum og skapar jafnframt hvata til að jarðir séu teknar úr búrekstri enda getur verið auðveldara að selja bújörð undir starfsemi þar sem veltuhraði er meiri en í landbúnaði og greiðara aðgengi að fjármagni.

Oft stendur vilji seljenda bújarða til þess að landbúnaður verði áfram stundaður á viðkomandi jörð og stundum kjósa þeir að selja hana undir markaðsverði í því skyni að tryggja að svo verði. Það hefur lengst af verið látið óátalið enda um frjálsa samninga að ræða og almennt er eiganda frjálst að selja eign sína á því verði sem hann kys. Nýverið hafa skatt-yfirvöld hins vegar gert athugasemdir við slíka samninga á þeim forsendum að þar sé um skattskyldar gjafir að ræða og dæmi eru um endurákvæðanir skatta af þeim sökum. Vegna þessa hefur yfirfærsla milli kynslóða gengið til baka.

Í gildi eru ýmsar afmarkaðar heimildir í lögum sem heimila að fresta eða dreifa skattgreiðslum á söluhagnaði. Til dæmis er ekki greiddur skattur af söluhagnaði eigin íbúðarhúsnæðis ef seljandi hefur átt það í a.m.k. tvö ár. Í sveitum eru ekki alltaf skýr skil á milli búreksturs og heimilishalds og t.d. eru allar eignir yfirleitt settar að veði fyrir skuldum búins, þar með talið íbúðarhúsnæðið. Skv. 3. mgr. 15. gr. laga um tekjuskatt er seljanda heimilt að óska eftir frestun á skattlagningu söluhagnaðar í heild yfir tvenn áramót enda afli hann sér sams konar eignar eða íbúðarhúsnæðis til eigin nota innan þess tíma. Þetta er regla sem gildir sérstaklega um söluhagnað af landi bújarða og ófyrnanlegum náttúruauðæfum á bújörðum. Skilyrði er að búrekstur hafi verið á jörðinni í fimm ár af síðustu átta og jafnframt að ef keypt er önnur bújörð eða íbúð til eigin nota verði seljandi að eiga þær og reka í a.m.k. tvö ár. Í 22. gr. er almenn heimild til að dreifa skattgreiðslum af bótum vegna altjóns eða eignarnáms (sem teljast söluhagnaður) á allt að fimm ár, en reyndar aðeins þrjú ef um ófyrnanlega eign er að ræða og í 27. gr. er almenn heimild til að dreifa greiðslu skatts vegna söluhagnaðar þess hluta söluverðs sem greiddur er með seljendaláni eða skuldaviðurkenningu sem er til þriggja ára eða lengur, ekki þó lengur en sjö ár. Í frumvarpinu er lagt til að þessi heimild verði rýmkuð þannig að í þeim tilvikum sem nefnd eru í greininni verði hægt að dreifa greiðslu söluhagnaðar á allt að 20 ár.

Dæmi eru um að farin hafi verið sú leið að stofna einkahlutafélag og selja hlutaféð í framhaldinu. Þá er notuð svokölluð yfirfærsluleið eigna samkvæmt rekstrarskýrslu fráfarandi eiganda yfir í einkahlutafélag og fasteignum jafnframt þinglýst yfir á félagið. Við sölu á hlutafé leggst fjármagnstekjuskattur á söluhagnað en ekki tekjuskattur.

Til að bregðast við þessum vanda og stuðla að áframhaldandi matvælaframleiðslu væri heppilegt að hvetja til að jörðum sé haldið í búrekstri. Áhrif frumvarpsins á tekjur ríkissjóðs, verði það að lögum, eru óveruleg til lengri tíma litið og gætu raunar orðið til að auka þær töluvert enda hvatinn til að færa eignir milli kynslóða á undirverði ekki hinn sami og áður.